

10. MAÍ
2025

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

HARPA
ELDBORG

# Karnival dýranna

LITLI TÓNSPROTINN

# Velkomin





Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

**Tónleikarnir eru um það bil klukkustundarlangir og án hlés.
Tónleikarnir eru teknir upp og sendir út síðar á Rás 1.**



**Að loknum tónleikum verður blöðrusmiðja í Hörpuhorni á 2. hæð þar sem gestir fá að búa til blöðrusvani.
Hægt er að fá blöðrur við útganga 2A, 2C og 2D og við stóra stigann.**

KVIKA Eignastýring · Radisson BLU 1919 HOTEL, REYKJAVIK · TVG-ZIMSEN · Reykjavík · Stjórnarráð Íslands Menningar- og viðskiptaráðuneytið

# Karnival dýranna

## TÓNLEIKAR Í ELDBORG 10. MAÍ KL. 14:00

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**

**Kristian Sallinen**
hljómsveitarstjóri

**Jóhann Kristinsson**
kynnir og einsöngvari

**Þórarinn Eldjárn**
textahöfundur

**Rán Flygenring**
teiknari



**Wolfgang Amadeus Mozart**
Tónaglens, K . 522, IV þáttur
Söngur fuglafangarans úr Töfraflautunni

**Camille Saint-Saëns**
Karnival dýranna
- Inngangur
- Ljónamars
- Hænur og hanar
- Asnar
- Skjaldbökur
- Fíllinn
- Kengúrur
- Fiskabúrið
- Fólk með löng eyru
- Gaukurinn
- Fuglar
- Píanóleikarar
- Steingervingar
- Svanurinn
- Að lokum

**Svanurinn**
Síðastir komu svanir,
sviðsframkomu vanir.
Virðulega vængjum blökuðu,
vel sungu, blítt kvökuðu.

Þórarinn Eldjárn



# Litli tónsprotinn 2025-2026



## TÖFRANDI SINFÓNÍA

Töfrabrögð og sjónhverfingar verða í forgrunni þegar Lalli töframaður og Sinfóníuhljómsveit Íslands sameina krafta sína á sviði Eldborgar. Dagskráin er ekki síður töfrandi þar sem mörg eftirlætislög hljóma. Þar má nefna Smile eftir Charlie Chaplin, Lærisvein galdrameistarans eftir Dukas og lög úr söngleikjunum sívinsælu, Frozen og Mary Poppins.



## JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Á tónleikunum hljóma sígildar perlur og klassísk ævintýri sem koma jólabörnum á öllum aldri í hið sanna hátíðarskap. Að vanda stíga margir ungir listamenn sín fyrstu spor á þessum tónleikum, jafnt einleikarar, söngvarar, dansarar sem kórar. Einsöngvarar í ár eru jazz-söngvararnir Kristjana Stefánsdóttir og Einar Örn Magnússon. Kolbrún Völkudóttir syngur á táknmáli og eru tónleikarnir í heild jafnframt túlkaðir á táknmáli.




## ENDURVINNSLAN

Thomas og Jesper eru slagverkssnillingar sem mynda tvíeykið Trash. Þeir nota m.a. ruslatunnur, hjól og rör á frumlegan hátt sem umbreytir hávaða í hljómandi klassíska fegurð. Á dagskránni eru verk eftir Rossini, Grieg, Khatsjatúrjan, Brahms og fleiri klassíska meistara en skapandi endurvinnsla setur sterkan svip á tónleikana.




## VÍSNABÓKIN

Vísnabókin er klassísk gersemi sem fylgt hefur mörgum börnum og ungmennum fram á fullorðinsár. Tónleikarnir verða því endurfundir við fallegar vísur og mörg uppáhaldslög þjóðarinnar. Með hljómsveitinni koma fram Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Sigurður Þór Óskarsson og Hallgrímur Ólafsson auk Gradúalekórs Langholtskirkju og flutt verða valin lög og syrpur í nýjum útsetningum Hrafnkels Orra Egilssonar.